



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 22. nóvember 2016
1610136 SPH/hs

Efni: Deilisk. Grenja. hafnarsvæði H3 - Krókatún 22-24

17. október. sl. samþykkti skipulags- og umhverfisráð umsókn Grenja ehf um heimild til að breyta deiliskipulagi Grenja Hafnarsvæði H3 vegna Krókatúns 22-24. Breytingin felst í stækkun á byggingarreit um 30m². Byggingarlína við Krókatún lengist um 1,8m í átt að Krókalóni, nýtingahlutfall er óbreytt. Samþykkt var að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynnt var fyrir fasteignaeigendum að Deildartúni 9, Krókatúni 13, 15, 18 og 20, Grundartúni 2, 4 og 6. Á fundi skipulags- og umhverfisráðs Akraness, sem haldinn var þann 21. nóv. 2016 var fjallað um ofangreinda breytingu. Engar athugasemdir bárust.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi verði samþykkt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Breytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og send Skipulagsstofnun.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar

Sigurður Páll Harðarson,

sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Meðf.: Skipulagsuppráttur